

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógbabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógbabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar úr landi Iðu við Vörðufell, lóð nr. 9.*  
 Í breytingunni felst að lóð nr. 9 stækkar úr 5.400 fm í 7.400 fm.  
 Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.  
 Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 2. febrúar 2012 og birtist auglýsing nr. 795 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 3. október 2012. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
  
2. *Breyting á deiliskipulagi Laugaráss, Hverbrekka 8.*  
 Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri 56 fm lóð, Hverbrekku 8, undir u.p.b. 5 fm spennistöð ásamt aðkomu.  
 Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.  
 Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 7. júní 2012 og birtist auglýsing nr. 795 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 3. október 2012. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
  
3. *Breyting á deiliskipulagi frístundahúsalóðar úr landi Sóltíns.*  
 Í breytingunni felst að núverandi 0,5 ha frístundahúsalóð sem er austan við Hjarðarlandsveg fellur út og í staðinn er gert ráð fyrir 1 ha frístundahúsalóð vestan við veginn.  
 Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.  
 Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 5. maí 2011 og birtist auglýsing nr. 896 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 30. september 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
  
4. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar í landi Úthlíðar, Skyggnisvegur 5 og 7 og Skútavegur 4.*  
 Í breytingunni felst að lóðin Skyggnisvegur 7 stækkar úr 4.353 m<sup>2</sup> í 5.100 m<sup>2</sup>, lóðin Skyggnisvegur 5 minnkar úr 4.584 m<sup>2</sup> í 4.427 m<sup>2</sup> og lóðin Skútavegur 4 minnkar úr 7.752 m<sup>2</sup> í 7.396 m<sup>2</sup>.  
 Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.  
 Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 9. desember 2010 og birtist auglýsing nr. 344 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 6. apríl 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
  
5. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Brekku, Brekkuheiði og Vallárvegur.*  
 Í breytingunni felst að byggingarmagn miðast nú við nýtingarhlutfallið 0,03 í stað 100 m<sup>2</sup> hámarksstærðar frístundahúsa og hámarksstærðar aukahúsa er 30 m<sup>2</sup> í stað allt að 10 m<sup>2</sup> geymslu.  
 Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.  
 Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 28. júní 2012 og birtist auglýsing nr. 857 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 22. október 2012. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

6. *Breyting á deiliskipulagi í landi Austureyjar I, Illósvegur og Austurvegur.*

Í breytingunni felst að til verða 6 lóðir á bilinu 0,5 – 1,3 ha í stað þriggja lóða.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.

Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 9. desember 2010 og birtist auglýsing nr. 607 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 24. júní 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

7. *Breyting á deiliskipulagi í búðabyggðar Eflingar í Reykholti.*

Í breytingunni felst að í stað 7 raðhúsa má reisa 7 einbýlishús auk þess sem skilmálar 2., 4. og 13. gr. breytast þannig að bílastæði verða tvö í stað þriggja á lóð og húsagerð er frjáls.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.

Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 4. nóvember 2010 og birtist auglýsing nr. 252 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 15. mars 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 18. febrúar 2013.*

Skipulagsfulltrui uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2013